

REGLUGERÐ

221

31. des.

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Ákvörðun um iðgjöld árið 1959 samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24 1956, er frestað, að öðru leyti en því, sem hér segir:

1. Í janúar 1959 skal greiða upp í iðgjöld samkvæmt 27. gr. sem hér segir:
 - a. Hjón og ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 500.00
Á 2. —	— 400.00
 - b. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 350.00
Á 2. —	— 275.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. vegna lögskráðra sjómanna og ökumanna bifreiða, skulu árið 1959, þar til öðru vísi verður ákveðið, vera þessi:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.00 á viku.
Á 2. —	— 7.00 - —

Reglugerð þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, sbr. lög 30. des. 1958, um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

222

30. des.

um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og breytingum á þeim lögum, verður endurgreitt úr rikissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á að notað hafi verið á vélar aðrar en bifreiðar, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verði endurgreitt af meira benzínmagni vegna hvernar einstakrar vélar en sem hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	2500 lítrar á ári.
15—19 hestafla vélar	2000 lítrar á ári.
14 hestafla vélar og þar undir	1500 lítrar á ári.

Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði um hámarkslítrafjölda þegar um er að ræða benzín, sem bæjar- og sveitarfélög og ræktunarsambönd hafa notað á vélar sínar, og sem notað hefur verið til vélbáta, sem fiskveiðar stunda að staðaldri mikinn hluta ársins.

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.